

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að afmarka 15ha Afþreyingar- og ferðamannasvæði merkt AF5 á þegar róskuðu landi við Snókalönd við Bláfjallaveg nálægt gatnamótum við Krýsvíkurveg. Svæðið er innan Hverfisverndarsvæðis HVb5, en utan vatnsverndarsvæða.

Á svæðinu gilda ákvæði svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 og varðar vatnsvernd og aðgengi almennings að samfelldu útivistarsvæði ofan borgarbyggðanna.

Breyting verður á töflu á blaðsíðu 55 í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 19. apríl 2014, sem er tafla 11: Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði og einnig á bls. 60 tafla 16: Yfirlit yfir óbyggð svæði.

Mörking	Heiti	Stærð km²	Lýsing
OB1	Uppland Hafnarfjarðar	80,14	Allt upplandið
OB2	Krýsvík	59	Allt land sem ekki er skilgreint öðruvísi
OB3	Gönguhátturinn	0,55	
OB4	Þjóðenda	29,66	Afritnar Álfhanshepps hins forna
Heldarstæð		169,38	

Tafla 16. Yfirlit yfir óbyggð svæði

Mörking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
AF1	Vísuvabúttur	0,3	Tjálsvæði
AF2	Hellisgerð	1,7	Svæðingar, hverfisvernd
AF3	Selna Krýsvík	13	Svæðingar, hverfisvernd
AF4	Leibrendi	21	Hellaskoðum
AF5	Snókalönd	15	Fréttisvæði
Heldarstæð		51	

Tafla 11. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði

Árin 2019 og 2020 var veitt stóðuleyfi vegna uppsetningar á samkomutjóðum áttuðum til norðurljósa- og stjörnuskoðunar í gömlu hraunnámum við Snókalönd. Þar sem vel hefur tekist að ná til erlendra sem innlendra ferðamanna og upplifun almennt mjög góð og umsagnir jákvæðar, er stefnt að frekari innviðaupbyggingu og aukinni þjónustu. Um verður að ræða ferðþjónustu í atvinnuskyni og verði landnotkun skilgreind samkvæmt því og breytist úr Óbyggðu svæði (ÓB) í Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF).

Hverfisverndarákvæði HVb5, Kapellu- og Öbrinnishólhraun, nær til þess hluta hraunnanna sem nú er óraskaður að frádregnum áttuðum byggingarsvæðum.

Gert er ráð fyrir að bæta innviði sem þarf til þess að svæðið nýstist sem best til útivistar og ferðamennsku í nálægð við náttúruperlu eins og hellinn Leibrenda, gönguleiðirnar í Undirhlöðum og hjólaleiðirnar um Kleifarvatn.

Ekki er gert ráð fyrir að uppbyggingin hafi veruleg áhrif á jarðmyndunir á svæðinu þar sem hraunið er þegar raskað á því svæði.

Leitast verður við að byggingar og önnur mannvirka falli vel að umhverfinu og hafi ekki veruleg áhrif á landslag og ástand svæðisins.

Salerni verða þurrklosett og verður frárennsli þeirra leitt í safntank sem losaður verður eftir þöfum.

Öll frárennismál verða í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennili ekki hafa mengun í för með sér.

Ekki er talið að framfylgd breytingarinnar hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif, en jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar sem þjóna mun fjölbreyttum tegundum útivistar og afþreyingar og stuðla að eflingu ferðþjónustu í Hafnarfirði.



Hraunnámur við Snókalönd við Bláfjallaveg (Lofmyndir ehf 2019)

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillagan var auglýst frá _____ til _____

og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar


þann: _____ 2021

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann: _____ 2021.

FYRIR



1:15.000

EFTIR



Afmörkun svæðis.

1:15.000

Skýringar:

- M Miðbær, miðsvæði
- VP Verslunar- og þjónustusvæði
- S Samfélagsþjónusta
- I Iónaðarsvæði
- AT Athafnasvæði
- IB Iðúðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- K Kirkjugarðar og grafreitir
- E Efnistöku- og efnislausunarsvæði
- IB Iþróttasvæði
- ÓB Óbyggð svæði
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP Opin svæði
- V Vötn, ár og sjór
- FS Fríðlýst svæði
- ÖN Önnur náttúruverndarsvæði
- HV Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
- R Fríðlýstar formínjar
- VB Vatnsbólusvæði
- VG Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF Vatnsvernd Fjarðarsvæði (vatnsvernd III)
- VA Öryggissvæði vegna grunnvatns
- VA Bráðabirgða þýningarsvæði álfers sett af Hólabærnum frá árinum 1997
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2.2.6 Iónaðarsvæði bls. 49
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta vtenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstigir
- Háspennulína
- Jarðstremgur
- Aðveittuð vatnsveitu
- Aðveittuð hitaveitu
- Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- Tengivirkir
- Spennistöð